

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um lyftur
fyrir hreyfihamlaða á heimilum fólks.

Frá Guðmundi Ara Sigurjónssyni.

1. Hvernig er eftirliti háttað með lyftum fyrir hreyfihamlaða á heimilum fólks, sbr. reglugerð nr. 54/1995, um skráningu, eftirlit og umsjón með lyftum og lyftubúnaði til fólks- og vöruflutninga?
2. Telur ráðherra núverandi fyrirkomulag um eftirlitsheimsóknir vera íþyngjandi fyrir hreyfihamlaða sem þurfa að vera með lyftu á heimili sínu?
3. Telur ráðherra, í ljósi þess að samkvæmt fyrrnefndri reglugerð eru gerðar sömu kröfur um eftirlit með vörulyftum og lyftum í heimahúsi, að þörf sé á að breyta reglugerðinni til að koma til móts við þá sem þurfa á lyftu að halda á heimili sínu vegna fötlunar?

Munnlegt svar óskast.